

Nr. 067 / 09 Ýmir HF-***Fær í skrúfunu og dreginn í land***

Skipaskr.nr. 7566
Smíðaður: Noregi 2005, plast
Stærð: 12,44 brl. 11,38 bt.
Mesta lengd: 10,75 m Skráð lengd: 10,71 m
Breidd: 3,20 m Dýpt: 1,93 m
Vél: Volvo Penta 294 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 5



Ýmir í togi©Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. júní 2009 var skemmtibáturinn Ýmir á siglingu norðvestur af Öndverðanesi. Veður: V 8-10 m/s. og líttill sjór.

Á siglingunni fékk báturinn drauganet í skrúfunu og óskuðu bátsverjar eftir aðstoð. Bátinn rak inn Breiðafjörð og á leiðinni losnaði pokinn úr skrúfunni en tóg úr honum var fast eftir í henni. Björgunarskipið Björg var send á staðinn og hafði bátinn þá rekið inn á Skarðsvík.

Ýmir var dreginn til hafnar á Rifi og þar sem hann var tekinn í land til skoðunar. Drifið var tekið upp og það reyndist í lagi en skipt var um öxul til öryggis.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var á 25 hnúta ferð og urðu bátsverjar ekki varir við að neitt fyrr en það dró niður í ferð hans;
- að um var að ræða trollpoka og miðað við ástand hans var talið að hann hefði ekki verið lengi í sjónum;
- að rek bátsins var um 0,5 hnútar þegar trollpokinn var fastur við hann en breyttist í 1,5 hnút eftir að hann losnaði. Það þótti lán í óláni að þetta hefði ekki gerst aðeins fyrr þegar báturinn var út af nesinu og bjargið í rekstefnu;
- að um borð voru þrjú krókar með 50-60 m tógi;
- að í ljós kom að öryggi (splitti) á skrúfunni gaf sig eins og það átti að gera til að koma í veg fyrir frekari tjón. Skrúfan skemmdist ekki;

- að bátsverjar létu vita um staðsetningu trollpokans og skipstjóri björgunarskipsins kvaðst hafa tekið hring á svæðinu en ekki fundið það. Hann tilkynnti þetta ekki til VSS (Vaktstöðvar siglinga);
- að gefnu tilefni var leitað til VSS um verklag þeirra ef tilkynnt er um drauganet. Eftirfarandi kom fram:
 1. Ef tilkynnt er um drauganet er send út tilkynning til sjófarenda, þ.e.a.s. kölluð er út viðvörðun til skipa og báta í samræmi reglugerð um VSS vegna bilanna á vitakerfi og faratálma á sjó.
 2. Ef varðskip eiga leið um svæðið eru þau beðin um að leita eftir þessum faratálum auk þess sem björgunarsveitir, hafnaryfirvöld og aðrir sjófarendur beðnir um leit og hreinsun.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Sérstakar ábendingar:

Nefndin telur mjög mikilvægt að sjófarendur tilkynni undantekningalaust um alla faratálma á sjó og hvetur VSS til að gera viðeigandi ráðstafanir til svo sé gert til að auka öryggi á sjó.